



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2024
SN210147

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 14.11.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Hólmsheiði 2. áfangi - Deiliskipulag athafnasvæðis - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. nóvember 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. nóvember 2024 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði á Hólmsheiði, áfanga 2, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að brjóta land undir iðnaðarhúsnæði og atvinnustarfsemi í tiltölulega ungu skóglendi með mikla getu til áframhaldandi kolefnisbindingar. Kveða þarf mun fastar að orði um vernd gróðurs á svæðinu, með tilliti til stærðar og eðlis uppbyggingarreitanna. Mikið vantar upp á að yfirsýn sé yfir trjáfellingar í borgarlandinu vegna byggingarframkvæmda og áhrif þess á umhverfismarkmið borgarinnar. Reykjavíkurborg þarf að gera grein fyrir því í sínu kolefnisbókhalda hve mikið skógarhögg er framkvæmt árlega vegna byggingarframkvæmda, þar sem þó er tekið tillit til aldurs trjána svo fram komi hversu mikið tapast af mögulegri bindingu við trjáfellingar.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík